

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum.

1. gr.

2. málsl. 5. tl. 2. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Árið 2026 er rjúpnaveiði heimil frá og með föstudögum til og með þriðjudögum innan hvers veiðisvæðis með eftirfarandi hætti:

- | | |
|-------------------|----------------------------|
| a. Austurland | 23. október – 22. desember |
| b. Norðausturland | 23. október – 1. desember |
| c. Norðvesturland | 23. október – 17. nóvember |
| d. Suðurland | 23. október – 17. nóvember |
| e. Vesturland | 23. október – 1. desember |
| f. Vestfirðir | 23. október – 24. nóvember |

Rjúpnaveiðar eru þó alltaf óheimilar á friðuðu svæði, sbr. 9. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. og 17. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 24. ágúst 2026.

F. h. r.

Stefán Guðmundsson.

Björn Helgi Barkarson.

B deild - Útgáfudagur: 7. september 2026